

Mál nr. 210/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar.

Skemmdir á bifreið er henni var ekið á steypustyrktarjárn á Miklubraut í Reykjavík.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 12.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.7.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 13.6.2009 ók M bifreið sinni vestur Miklubraut í Reykjavík. Á móts við hús nr. hús nr. 76 kvað hún steypustyrktarjárn, sem hafi verið á götunni, hafa rekist utan í vinstri hlið bifreiðarinnar.

Í skýrslu lögreglu um atvikið kemur fram að búið hafi verið að fræsa malbik af akreinum fyrir umferð vestur Miklubraut frá Kringlumýrarbraut að Lönguhlíð. Þá kemur þar einnig fram að svo virðist sem umrætt steypustyrktarjárn sé hluti úr kantsteini.

Mál þetta var skoðað af hálfu Reykjavíkurborgar og leiddi sú skoðun til þess að Reykjavíkurborg taldi að umrætt steypustyrktarjárn hafi ekki verið hluti af kantsteini við Miklubraut. Kantsteinninn hafi verið heill og óbrotinn á því svæði þar sem áreksturinn varð. Líklegast sé að járnbúturinn hafi legið á götunni og mögulega hafi hann dottið af vörubílsfalli.

M telur að fleira járnarúsl hafi verið á götunni og hafi frágangur við malbikunarframkvæmdir verið mjög slæmur. Hefur M krafist bóta vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Svo bótaskylda geti verið fyrir hendi þarf að sýna fram á að tjónið verði rakið til vanrækslu starfsmanna Reykjavíkurborgar eða annarra sem hún ber ábyrgð á við þær framkvæmdir á götunni sem þarna stóðu yfir. Ekki hefur verið sýnt fram á að steypustyrktarjárnið, sem rakst í bifreið M, hafi legið á götunni vegna atvika sem Reykjavíkurborg getur borið ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 14. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.